




Borgartún 28 – vegna byggingarleyfis

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. mars 2026 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 3. febrúar 2026 þar sem sótt er um heimild til að koma fyrir LED auglýsingaskilti á vesturgafli verslunar- og skrifstofuhúss á lóð nr. 28 við Borgartún.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag.



Götumynd tekin á já.is

Skipulag í gildi


Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin við Borgartún 28 borgarhluta 4. Laugardalur og er hluti af miðsvæði M6a – Borgartún.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag Kirkjutúns, samþykkt í borgarráði 11. janúar 2002 ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 28 við Borgartún er steinsteypt bygging á fjórum hæðum auk kjallara. Húsið var byggt árið 1986 og er skráð sem sýningarsalur, verslunar- og skrifstofuhúsnæði skv. fasteignaskrá. Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á byggingarleyfisumsókn þar sem sótt er um leyfi til að endurnýja auglýsingaskilti á vesturvegg hússins við Borgartún 28. Nýtt skilti yrði LED skilti í staðinn fyrir núverandi flettiskilti með ofanlýsingu.





Vestur
mkv: 1 : 100

BREYTINGAR MERKTAR



Fyrir breytingu



Eftir breytingu

Myndir af núverandi flettiskilti og fyrirhuguðu LED skilti á vesturhlíð hússins við Borgartún 28 teknar úr aðaluppdráttum Teikna teiknistofu arkitekta í fylgigögnum umsóknar.

Skv. kafla 4.3. *Skilti á miðsvæðum M, M2, M3, M4 o.s.frv., Vp.* í samþykkt um skilti í Reykjavík eru stafræn skilti með ljósmyndum, kyrrum auglýsingum sem skiptast á (þjónustuskilti og auglýsingaskilti) heimiluð á svæðinu. Stafræn skilti skulu fylgja almennum ákvæðum um birtustig og hreyfingu. Þá kemur fram að hámarksstærð stafrænna skilta á svæðinu sé 0,5 m².

Í kafla 3.6. *Stafræn auglýsingaskilti m. hreyfimyndum* segir m.a.:

Leyfilegt er að setja upp ný stafræn auglýsingaskilti sem eru stærri en 10m² ef að fyrir sé sambærilegt skilti s.s. fléttiskilti, eða ef deiliskipulag heimili slík skilti. Slík skilti mega þó ekki vera nær vegbrún gatnamóta, götu eða vegvísunum og öðrum umferðarbúnaði en 20m. Byggingarfulltrúa er heimilað að veita undanþágu frá þeirri reglu ef um er að ræða skóla, íþróttafélög eða aðrar sambærilegar stofnanir en þau skilti skulu fylgja reglum þessarar samþykktar.

Skv. ljósmyndum af núverandi flettiskilti og mynd af fyrirhuguðu stafrænu skilti sést að umfang fyrirhugaðs stafræns skiltis er talsvert meira en núverandi skilti.

Þar sem að aldrei var veitt samþykki eða gefið út byggingarleyfi fyrir fyrirbyggjandi auglýsingaskilti á vesturvegg hússins við Borgartún 28 og ekki er getið til um auglýsingaskilti í deiliskipulagi eða á aðaluppdráttum er ekki hægt að heimila stafrænt skilti á svæðinu sem er stærra en 0,5 m².

Niðurstaða

- Gerðar eru skipulagslegar athugasemdir við erindið þar sem að það samræmist ekki samþykkt um skilti í Reykjavík sbr. umsögn.



Reykjavík



f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Jarprúður Iðla Másdóttir

verkefnastjóri



Reykjavík